





Háskóla Vestfirðinga  
Suðurgötu 12  
400 Ísafjörður  
Sími: 450 3040  
[www.uw.is](http://www.uw.is)  
[info@uw.is](mailto:info@uw.is)



## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns .....	5
Alþjóðleg stofnun við ysta haf .....	7
Stofnaðilaskrá Háskólaseturs Vestfjarða, maí 2015 .....	8
Stjórnarmenn 2005-2015 .....	8
Starfsmenn 2005-2015 .....	9
Frumgreinanám .....	10
Fjarnám .....	11
Vettvangsskólar .....	12
Íslenskunámskeiðin .....	14
Ráðstefnur og málþing .....	16
Vestrahúsið og rannsóknahverfið á Vestfjörðum .....	17
Meistaránám í haf- og strandsvæðastjórnun .....	19
Sjávartengd nýsköpun .....	25
Allir útskrifaðir nemendur úr meistaránáminu .....	27
í haf- og strandsvæðastjórnun árið 2015	
Kennarar og leiðbeinendur í haf- og strandsvæðastjórnun .....	33
eftir kennsluvægi	





# Ávarp stjórnarformanns

Það er eðlilegt að samfélag sem vill vaxa og dafna geri þá kröfu að allir vaxtarsprotar þess eigi kost á næringu við hæfi. Þannig samfélag byggir Vestfirði, landshluta sem býr yfir ótal tækifærum og aðgengi að töluverðum náttúuauðlindum. Það er þekkingin sem fólk annað hvort býr yfir, fær frá eldri kynslóðum í verkþekkingu eða öðlast með námi og gagnrýninni hugsun sem færir okkur auðinn sem liggur í auðlindunum. Það er sama hvort það er þekking sjómannsins, bóndans, fiskverkafólksins, smiðsins eða rannsakandans og frumkvöðulsins. Allar þessar stéttir og svo miklu fleiri til þurfa á grunnþekkingu að halda og aðstæðum til að næra hana og bæta við. Að hafa stoð í rannsókna- og menntastofnunum sem aðgengilegar eru íbúum Vestfjarða er bæði eðlilegt og mikilvægt fyrir metnaðarfullt samfélag. Þess vegna kölluðu Vestfirðingar eftir menntaskóla á sínum tíma og þess vegna var svo mikil eftirspurn eftir háskólastarfsemi á Vestfjörðum.

Sá er hér heldur á penna kom inn í þetta umhverfi árið 1996 og kynntist fljótlega þeim hugmyndum sem höfðu gerjast árin á undan um rannsókna- og menntaumhverfi. Metnaðarfullar hugmyndir sem gengu út á að nýta grunnþekkingu sem allar stéttir hins vestfirska samfélags búa yfir og þróa þær áfram. Það var einstaklega ánægjulegt að geta lagt hönd á plóg við að koma sumum þessara hugmynda á legg með stofnun Þróunarseturs Vestfjarða árið 1999 og með því að fá samþykki fyrir flutningi starfsemi og stofnana þangað. Sumra sem ekki höfðu verið áður á Vestfjörðum en of langt mál væri að telja upp hér. Það birtir yfir í samfélaginu þegar slík verkefni heppnast vel.

Þrátt fyrir ýmsar tillögur um að háskólar og þá sérstaklega Háskóli Íslands myndu opna einhvers konar útibú á Vestfjörðum og leggja enn meiri áherslu á aðgengi að námskeiðum sínum í gegnum fjarkennslu tók allt sinn tíma. Þótt góðir hlutir séu sagðir gerast hægt hentaði hraði snigilsins Vestfirðingum ekki. Tillögunum var tekið vel en það reyndist erfitt að framkvæma þær. Kennaraháskólinn hafði sinnt fjarnámi með góðum árangri og það var nýtt og mikilvægt skref þegar Háskólinn á Akureyri hóf kennslu í hjúkrunarfræði á Ísafirði haustið 1998 í fjarnámi. Fljótlega eftir það varð Fræðslumiðstöð Vestfjarða til sem starfar með glæsibrag.

Á grunni krafna og drauma samfélagsins og þess rannsókna- og menntaumhverfis sem var til staðar náðist samkomulag milli heimamanna og stjórnvalda um að stofna Háskólasetur á Vestfjörðum. Forsagan er lengri og hugmyndirnar voru margar, m.a. um að stofna sjálfstæðan háskóla sem myndi kenna eitt til tvö fög. Afstaða undirritaðs og fleiri sem komu að þessari vinnu var og er sú að mikilvægt væri á svo fámennu landssvæði sem Vestfirðir eru að háskólastofnun yrði að sinna fjölbreyttum námsþörfum þannig að hluti yrði að vera í fjarnámi en hluti í staðnámi.

Háskólasetur Vestfjarða var svo stofnað við hátíðlega athöfn með sérstakri skipulagsskrá sem samþykkt var á stofnfundi setursins 12. mars 2005. Tilgangur þess frá upphafi er að stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólamenntunar, rannsókna og þekkingarstarfs á Vestfjörðum, og vera



samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði rannsókna, háskóla- og símenntunar, fjölþjóðlegra samstarfsverkefna, nýsköpunar og byggða- og atvinnuþróunar. Aðilar að Háskólasetrinu eru stofnanir, félög og fyrirtæki sem í rekstri sínum fást við rannsóknir, fræðslu, þróun eða annað þekkingarstarf.

Fyrsta stjórnin var kosin á stofnfundinum og naut undirritaður þess heiðurs að vera kosinn formaður stjórnar og hefur sinnt því mikilvæga starfi frá upphafi. Hlutverk stjórnar var að setja stefnu um upphaf starfseminnar og koma þeim upplýsingum til Vestfirðinga. Með fyrstu verkum var svo að ráða forstöðumann og var Peter Weiss ráðinn úr hópi hæfra umsækjenda. Algjör einhugur var innan stjórnar um ráðninguna og höfum við alla tíð verið sannfærð um hversu rétt ákvörðun var að velja Peter til þess erfiða og metnaðarfulla starfs að byggja upp litla þekkingarstofnun á háskólastigi í metnaðarfullu og kröfuhörðu samfélagi.

Tilgangur og markmið eru óbreytt frá upphafi en framtíðarsýnin byggist bæði á væntingum og fenginni reynslu. Stjórn og starfsfólk hefur unnið að breyttri og bættri framtíðarsýn hverju sinni sem það hefur þótt nauðsynlegt. Slík vinna á í raun alltaf að vera í gangi. Því hvaða skipulagsheild á að vera lifandi og síbreytileg ef það er ekki einmitt menntastofnun á borð við Háskólasetur Vestfjarða? Fjölbreytni þeirrar menntunar sem boðið er upp á er mikil miðað við stærð og getu þessarar litlu stofnunar. Fjarnám, staðnám, meistaranám, námskeið, rannsóknir meistaranema, aukin menntun heimamanna, kennsla frá Vestfjörðum til annarra svæða. Allt eru þetta verkefni sem sýna okkur að hægt er að uppfylla drauma og væntingar þótt aldrei takist að ljúka því verkefni.

Það hefur verið spennandi að byggja upp Háskólasetur Vestfjarða og fylgjast með því taka litlu barnaskrefin í áttina að væntingum samfélagsins. Það er mat mitt að vel hafi tekist til þótt auðvitað hefðum við öll viljað að skrefin væru orðin stærri og fleiri á 10 ára afmælinu. Það er eðlilegur metnaður. En Háskólasetur Vestfjarða er hvergi hætt enda rétt að komast á unglingsár og á eftir að vera uppátækjasamt og skapandi á komandi árum.

Halldór Halldórsson,  
stjórnarformaður Háskólaseturs Vestfjarða





# Alþjóðleg stofnun við ysta haf

Háskólasetur Vestfjarða er lítil stofnun á háskólastigi sem nú hefur starfað samfellt í áratug. Háskólasetrið var stofnað árið 2005 og tók formlega til starfa í ársbyrjun 2006. Starfsmenn eru nú innan við níu talsins í tæplega sex stöðugildum auk lausráðinna kennara. Háskólasetrið er til húsa í Vestrahúsinu á Ísafirði þar sem starfa ríflega fimmtíu manns við rannsóknir, kennslu og þjónustu hjá ýmsum stofnunum og fyrirtækjum.

## Aðdragandinn

Upphaflegt markmið með stofnun Háskólaseturs var að hækka menntunarstig á Vestfjörðum ásamt því að stuðla að jákvæðri byggðaþróun og jákvæðari ímynd landslutans, jafnt innanlands sem utan. Aðdragandinn var langur og fjölmargir lögðust á árárnar til að verkefnið yrði að veruleika. Háskólastarfsemin myndi laða að ungt fólk til búsetu og sporna við því einsleita atvinnulífi og lága menntunarstigi sem einkenndi fjórðunginn á þeim tíma.

Þann 12. mars 2005 var sjálfseignarstofnunin Háskólasetur Vestfjarða sett á fót af 42 stofnaðilum, þeirra á meðal voru allir háskólar landsins. Allar götur síðan hefur Háskólasetrið verið tengiliður Vestfirðinga í námi á háskólastigi og tengiliður rannsóknastofnana innan sem utan Vestfjarða.

Þótt íbúáþróun og aldursræðing á Vestfjörðum séu enn neikvæð, og Vestfirðingar nú rétt tæplega 7.000, eru vísbendingar um að fjölbreytni í atvinnulífi sé að aukast og ungt fólk leiti tækifæra fyrir vestan. Þróunin síðasta áratug hjá Háskólasetrinu sýnir einnig að hægt er að laða að fólk og hugvit ef í boði er metnaðarfull umgjörð og góð stoðþjónusta. Þekkingarsköpun og öflugt tengslanet, innanlands sem utan, eru mikilvæg vestfirsku samfélagi. Í því skyni hefur Háskólasetrið lagt grunninn að alþjóðlegu háskólasamfélagi sem byggir á tengslunum við hafið.

## Námsframboð af ýmsum toga

Allt frá stofnun hefur Háskólasetrið verið fjarnámssetur sem þjónar fjarnemum við ýmsa háskóla í landinu. Þannig er Vestfirðingum gert kleift að sækja sér háskólamenntun án þess að flytja úr heimabyggð. Alls voru um 150 fjarnemendur skráðir í farnám á Vestfjörðum þegar mest var en þeir hafa lengst af verið um 100 á ársgrundvelli.

Árið 2008 urðu tímamót í starfsemi Háskólaseturs þegar meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun hófst formlega. Nemendur útskrifast frá Háskólanum á Akureyri með meistaraáráðu í auðlindastjórnun (MRM). Námið er bæði alþjóðlegt og þverfaglegt og eru námsloturnar opnar þátttakendum frá íslenskum og erlendum háskólum sem og úr atvinnulífinu. Um það bil 40 námsmenn eru að jafnaði skráðir í tveimur árgöngum í meistaranámið en alls hafa 69 nemendur verið brautskráðir frá upphafi. Vorið 2015 munu níu nemendur til viðbótar útskrifast.

Í upphafi árs 2014 var nýrri námsleið á meistaraáráði hleypt af stokkunum í samstarfi við Háskólann á Akureyri

og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Sjávar tengd nýsköpun er yfirskrift námsleiðarinnar en námið er sniðið að þörfum hvers og eins og því einungis gert ráð fyrir fáum námsmönnum í senn.

Á þeim tíu árum sem liðin eru frá stofnun Háskólaseturs hafa ýmis verkefni fest sig í sessi en önnur verið tímabundin. Má þar nefna frumgreinanám í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, háskóla unga fólksins og ýmis sumarnámskeið. Vettvangsskólar hafa alla tíð verið reglubundinn hluti af starfsemi Háskólaseturs ásamt íslenskunámskeiðum fyrir skiptinema og aðra erlenda nemendur sem árlega eru haldin við góðar undirtektir.

## Að laða fólk til Vestfjarða

Ríkur þáttur í starfsemi Háskólaseturs er einmitt að koma Vestfjörðum á kortið og laða fólk allstaðar að úr heiminum vestur, jafnt nemendur, kennara og rannsakendur. Í ljósi þess hve upptökusvæði Háskólaseturs er fámennt mun ekkert nám þrífast á Vestfjörðum án þess að nemendur utan fjórðungsins sækji í það. Að laða nemendur vestur er því ekki aukaatriði heldur forsenda þess að háskólanám geti byggst upp á Vestfjörðum. Fram til þessa hefur reynst auðveldara að höfða til erlendra nemenda en íslenskra en umsvif námsins eru þau sömu, óháð uppruna nemenda. Hagkerfið á norðanverðum Vestfjörðum hefur notið góðs af öllum umsvifum Háskólasetursins og lætur nærri að fyrir hverja krónu sem rennur til Háskólaseturs skili sér tvær til baka til samfélagsins.

## Hluti af fræðasamfélaginu

Háskólasetrið er aðili að alþjóðlegum samstarfsverkefnum, m.a. á vegum Norðurlandháskólans (University of the Arctic) og hefur það tekið þátt í verkefnum Norðurlandaráðs og Evrópusambandsins. Sem stærsta stofnunin í Vestrahúsinu er Háskólasetrið mikilvægt í samstarfi stofnana í rannsóknarklasa Vestfjarða, þótt Háskólasetrið sinni alla jafna ekki rannsóknnum nema í samstarfi við stofnanir innan og utan Vestfjarða.

Starfsfólk leggur sig fram við að þjóna náms- og rannsóknarfólki á Vestfjörðum sem best og veita öllum þeim fyrirtaksþjónustu sem vilja tengjast litlu og heillandi rannsóknarumhverfi.

Ráðstefnuhald og málþing af ýmsum toga hafa verið fastur liður í starfi Háskólaseturs frá upphafi. Má þar nefna ráðstefnur um íslenska þjóðfélagsfræði og fjölbreytilegar byggðaráðstefnur. Fyrirlestrar og fræðileg erindi eru einnig ríkur þáttur í starfsemi. Hið vikulega Vísindaport er til vitnis um það.

Með metnaðarfullu námsframboði, fjölbreytilegri þjónustu og sterkum tengslum við fræðasamfélagið, heima og heiman, viðheldur Háskólasetur Vestfjarða stöðu sinni sem alþjóðleg menntastofnun við ysta haf.



Ljósmynd: Andres Peters.

# Stofnaðilaskrá Háskólaseturs Vestfjarða, maí 2015

Háskóli Íslands  
Háskólinn í Reykjavík  
Háskólinn á Akureyri  
Viðskiptaháskólinn á Bifröst  
Landbúnaðarháskóli Íslands  
Háskólinn á Hólum  
Listaháskóli Íslands  
Hafrannsóknastofnun  
Matís  
Veðurstofa Íslands  
Náttúrustofa Vestfjarða  
Ísafjarðarbær

Bolungarvíkurkaupstaður  
Vesturbyggð  
Fjórðungssamband Vestfirðinga  
Sýslumaðurinn á Ísafirði  
FSÍ/HSÍ  
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Velferðarráðuneytið f.h. Fjölmennings-  
seturs  
Tónlistarskóli Ísafjarðar  
Vestfirðir á miðöldum  
Snerpa ehf.  
Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.

Vestri ehf  
Fjarðanet ehf  
Þóroddur ehf.  
Atkonur  
Vífílfell hf.  
Ylgur ehf.  
Skógur ehf.  
Rætur  
Ísfang hf.  
Skjólaskógar á Vestfjörðum  
Skurðlæknirinn ehf.  
Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri

## Stjórnarmenn 2005-2015

<b>Halldór Halldórsson</b>	2005-2015	varamaður Lárus Valdimarsson til 2009 varamaður Rannveig B. Þorvaldsdóttir frá 2009	tilnefndur af Ísafjarðarbæ, stjórnarformaður
<b>Jóhann Sigurjónsson</b>	2005-2013	varamaður Magnús Jónsson til 2009, Árni Snorrason frá 2009	tilnefndur af rannsóknastofnunum
<b>Árni Snorrason</b>	2013-2015	varamaður Jóhann Sigurjónsson	tilnefndur af rannsóknastofnunum
<b>Hjálmar H. Ragnarsson</b>	2005-2007	varamaður Þorsteinn Gunnarsson	tilnefndur af háskólunum
<b>Þorsteinn Gunnarsson</b>	2007-2009	varamaður Hjálmar H. Ragnarsson	tilnefndur af háskólunum
<b>Skúli Skúlason</b>	2009-2013	varamaður Hjálmar H. Ragnarsson	tilnefndur af háskólunum
<b>Stefán B. Sigurðsson</b>	2013-2015	varamaður Erla B. Örnólfsdóttir	tilnefndur af háskólunum
<b>Kristján G. Jóakimsson</b>	2005-2015	varamaður Laufey Jónsdóttir 2005-2007 varamaður Helgi Ólafsson 2007-2015	tilnefndur af atvinnulífi
<b>Soffía Vagnsdóttir</b>	2005-2009	varamaður Guðrún Stella Gissurardóttir	kosin af aðalfundi
<b>Jóna Finnsdóttir</b>	2009-2015	varamaður Guðrún Stella Gissurardóttir	kosin af aðalfundi





Starfsmenn Háskóla Íslands í maí 2015. Frá vinstri: Þórdís Lilja Jensdóttir, móttökuritari, Pernilla Rein, verkefnastjóri, Birna Lárusdóttir, verkefnastjóri, Kristín Ósk Jónasdóttir, kennslustjóri, Ingi Björn Guðnason, verkefnastjóri, Dagný Arnarsdóttir, fagstjóri, Guðrún Sigríður Matthíasdóttir, móttökuritari, Peter Weiss, forstöðumaður. Ljósmynd: Benedikt Hermannsson.

## Starfsmenn 2005-2015

<b>Peter Weiss</b>	01.08.05 -	100%	Forstöðumaður
Haraldur Kristinsson	01.10.05 - 30.09.07	100%	Vef-/tæknistjóri
Martha Lilja Marthensdóttir Olsen	01.01.06 - 31.08.11	100%	Kennslustjóri
Gunnar Pétur Garðarsson	01.01.06 - 21.03.06	50%	Þjónustufulltrúi
Anna Guðrún Edvardsdóttir	12.01.06 - 12.05.06	75%	Verkefnastjóri
Soffía Vagnsdóttir	01.05.06 - 30.06.06	50%	Verkefnastjóri
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir	01.12.06 - 31.12.07	100%	Verkefnastjóri
Sigurður Arnfjörð Helgason	01.09.07 - 30.11.09	100%	Verkefnastjóri
<b>Ingi Björn Guðnason</b>	01.10.07 -	100%	Verkefnastjóri
Sigríður G. Ólafsdóttir	01.01.08 - 31.12.09	100%	Fagstjóri
Guðrún Svava Guðmundsdóttir	01.04.08 - 31.12.08	20%	Verkefnastjóri
<b>Pernilla Rein</b>	01.05.08 -	50-100%	Verkefnastjóri
Lára Dögg Gústafsdóttir	01.06.08 - 31.08.08	100%	Sumarstarfsmaður
Jóhanna Sigurðardóttir	01.08.08 - 31.08.09	50%	Móttökuritari
<b>Guðrún Sigríður Matthíasdóttir</b>	01.11.08 - (hjá ÞS frá 2005)	100%	Móttökuritari
Margrét J. Birkisdóttir	01.11.08 - 31.12.13 (hjá ÞS frá 2001)	45%	Bókari
Andrea Rose Cheatham Kasper	01.01.09 - 31.12.09	50%	Verkefnastjóri
<b>Urszula Barela</b>	01.07.09 -	100%	Ræstítæknir
Árný Rós Gísladóttir	24.09.09 - 31.08.10	50%	Móttökuritari
<b>Dagný Arnarsdóttir</b>	01.01.10 -	100%	Fagstjóri
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir	01.01.10 - 30.06.14	25-75%	Verkefnastjóri
Heiðrún Tryggvadóttir	01.01.10 - 31.10.11	50%	Verkefnastjóri
Lína Beck Þorvaldsdóttir	01.09.10 - 15.12.11	50%	Móttökuritari
<b>Þórdís Lilja Jensdóttir</b>	01.01.12 -	50%	Móttökuritari
<b>Kristín Ósk Jónasdóttir</b>	20.09.11 -	100%	Kennslustjóri
<b>Birna Lárusdóttir</b>	01.11.14 -	25%	Verkefnastjóri



Ljósmynd: Ágúst Atlason.

## Frumgreinanám

Frá árinu 2008 hefur Háskólasetur Vestfjarða átt í góðu samstarfi við Háskólann í Reykjavík um kennslu frumgreinanáms. Verkefnið hófst á vorönn 2008 þegar Háskólasetur fékk fjármagn til að bjóða upp á slíkt nám í tengslum við mótvægisáðgerðir þáverandi ríkisstjórnar vegna niðurskurðar þorskveiðiheimilda. Staðnámshópur hóf námið í janúar 2008 og þar sem vilji var til að allir Vestfirðingar gætu nýtt sér þetta verkefni var strax ákveðið að bjóða einnig upp á námið í fjarkennslu. Úr varð að Háskólasetrið samdi við Háskólann í Reykjavík um að hafa umsjón með fjarkennslu fyrstu annar frumgreinanáms HR um land allt. Staðnámshópar í Háskólasetrinu urðu þó aldrei fleiri en tveir og var ljóst að þörfinni fyrir slíkt námsframboð var þar með fullnægt á svæðinu í bili.

### 10 Áframhald á fjarkennslu

Samstarfið við HR hélt þó áfram og hafa kennarar á vegum Háskólasetursins frá upphafi samstarfsins haft umsjón með kennslu á fyrstu önn frumgreinanáms frá Ísafirði. Metnaður hefur verið lagður í að þróa fjarkennsluáðferðir og leiðir til að koma til móts við þarfir fjarnema. Þetta samstarf sýnir glögglega að fjarkennsla þarf ekki að vera einstefna og að landsbyggðirnar geta bæði þegið og veitt fjarkennslu.

Mikil ánægja hefur verið með samstarfið og eru annirnar nú orðnar fimmtán talsins sem Háskólasetrið hefur haft umsjón með. Allt er þó breytingum háð og mun skipulag

frumgreinanáms við Háskólann í Reykjavík taka á sig aðra mynd á næstunni. Við það mun þessu farsæla samstarfi ljúka.

### Kennarar og nemendur

Þrjú kennarar hafa starfað við verkefnið frá upphafi, en það eru þær Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, sem kenndi ensku, Anna Guðrún Edvarðsdóttir, dönskukennari og Sólrún Geirsdóttir, íslenskukennari. Nokkrar mannabreytingar hafa hinsvegar verið vegna kennslu í öðrum greinum í gegnum tíðina.

Úr þeim tveimur staðnámshópum sem hér fóru af stað 2008 og 2009 luku eingöngu þrjú nemendur námi. Nokkrir til viðbótar luku þó nægilega mörgum einingum til að komast inn í háskólanám í framhaldinu. Það er ánægjulegt að segja frá því að nú þegar hafa fjórir nemendur úr þessu tilraunaverkefni lokið háskólagráðu og nokkrir til viðbótar stunda nú nám á háskólastigi.

### Framtíð frumgreinanáms

Þótt Háskólasetrið hafi fljótlega mettað þörfina fyrir frumgreinanám á svæðinu er ljóst að slík þörf kann að koma upp aftur. Þannig kann vel að vera að aftur verði farið af stað með frumgreinanám í framtíðinni og er ljóst að Háskólasetrið býr að þeirri reynslu sem hlotist hefur af verkefninu fram að þessu.

# Fjarnám

Frá stofnun Háskóla Vestfjarða hefur mikil áhersla verið lög á að veita fjarnámsnemendum á svæðinu góða þjónustu. Í upphafi var mikið um að hópar væru myndaðir í ákveðnum námsgreinum og þær kenndar í gegnum fjarfundarbúnaði í rauntíma. Þetta átti sérstaklega við um nám frá Háskólanum á Akureyri sem þá bauð aðallega upp á nám í viðskiptafræði og kennarafræðum. Aðrir háskólar buðu einkum upp á kennslu í staðarlotum og upptökum frá fyrirlestrum þess á milli.

## Breytingar í fjarnámi

Undanfarin ár hafa miklar breytingar átt sér stað í fjarkennslumálum. Nánast alfarið hefur verið fallið frá hugmyndum um myndun hópa á hverjum stað fyrir sig og þess í stað hafa upptökur á fyrirlestrum í bland við staðarlotur tekið við. Þetta er mjög jákvæð þróun fyrir jafn fámennt svæði og Vestfirði, þar sem ekki reyndist alltaf mögulegt að mynda námshópa á öllum svæðum fjórðungsins. Við þessa breytingu sitja allir Vestfirðingar, og þar með allir landsmenn, við sama borð. Nýverið var t.a.m. fallið frá hópafyrirkomulaginu í hjúkrunarfræðinámi við Háskólann á Akureyri en með því geta nemendur um alla Vestfirði sótt þetta nám.

## Námsframboð og fjöldi nemenda

Námsframboð hefur aukist nokkuð á því tíu ára tímabili sem Háskóla Vestfjarða hefur verið starfrækt og þá sérstaklega hjá landsbyggðarháskólunum. Á seinni hluta tímabilsins hefur fjöldi fjarnemenda dregist nokkuð saman. Fyrir því eru margvíslegar skýringar og flestar raunar jákvæðar. Breytingar á fjarnámi sem raktar voru hér að framan gera það t.d. að verkum að Háskóla Vestfjarða hefur ekki upplýsingar um alla fjarnema á Vestfjörðum sem sumir hverjir komast af án þjónustu þess. Þá ber að geta þess að í upphafi tímabilsins var stór hluti fjarnema starfandi kennarar sem voru að ná sér í kennsluréttindi. Þegar þessir stóri hópur lauk námi og hóf störf sem réttindakennarar hjáðnaði eðlilega nemendafjölda í fjarnámi nokkuð og svo virðist sem ákveðin metnun hafi átt sér stað hvað kennaranámið varðar. Í upphafi tímabilsins voru kennaranemar nokkrir tugir en eru nú teljandi á fingrum annar handar. Þetta skýrir að stórum hluta þá fækkun sem orðið hefur á fjarnemum frá Háskóla Íslands en það svið HÍ sem leitt hefur þróun fjarnáms er Menntavísindasvið (áður

Kennaraháskóli Íslands) en tiltölulega lítill hluti náms á öðrum fræðasviðum innan HÍ er í boði í fjarnámi.

Háskólinn á Akureyri heldur nemendafjölda sínum þrátt fyrir að dregið hafi úr aðsókn í kennaranám við HA og má skýra hluta þess með nemendafjölda í nýjum námsleiðum sem eru í boði í fjarnámi t.d. sálfræði. Háskólinn á Bifröst hefur jafnt og þétt aukið námsframboð sitt í fjarnámi. Þær gleðilegu fréttir bárust t.d. vorið 2015 að á næsta kennsluári verði í fyrsta skipti boðið upp á fjarnám í viðskiptalögfræði við skólann. Töluverður áhugi virðist vera á því námi á svæðinu eins og umsóknir í námið gefa til kynna.


## Þjónusta við fjarnema og samningur við Fræðslumiðstöð

Háskóla Vestfjarða kappkostar að veita fjarnemum afbragðs þjónustu. Nemendum stendur til boða góð námsaðstaða, lesbásar, hópvinnuherbergi og nettenging. Janframt geta nemendur prentað og ljósritað gögn í Háskóla Vestfjarða gegn vægu gjaldi. Próftökuaðstaða er svo einn mikilvægasti þjónustuliðurinn en þess ber að geta að nemendum í staðnámi gefst einnig kostur á að taka sín próf í Háskóla Vestfjarða. Þetta hafa námsmenn nýtt sér t.d. þeir sem vilja komast snemma heim í jóla- og sumarfrí. Haustið 2011 var menntaður námsráðgjafi ráðinn til Háskóla Vestfjarða og hefur hann veitt fjarnemum námsráðgjöf frá þeim tíma auk þess sem boðið hefur verið upp á einstaka námskeið í námstækni og vinnu við lokaritgerðir.

Til að þjóna öllum Vestfjörðum á prófatímabilum gerðu Háskóla Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða með sér samning um prófayfirsetu á Patreksfirði og Hólmavík. Starfsmenn Fræðslumiðstöðvarinnar taka nú á móti öllum fjarnemum á háskólastigi í próf á þessum svæðum. Próftaka er oft og tíðum mjög fyrirferðamikill þáttur starfseminnar en fjöldi prófa á einu prófatímabili getur hæglega farið yfir tvö hundruð í yfir eitt hundrað námsgreinum.

## Efling fjarnáms

Háskóla Vestfjarða hefur lítill áhrif á námsframboð í fjarnámi við háskóla á Íslandi. Krafan um aukið námsframboð í fjarnámi er rík á svæðinu og reynir Háskóla Vestfjarða eftir bestu getu að beita áhrifum sínum svo það megi eflast enn frekar. Fjarnámið er grunnstoð í starfsemi Háskóla Vestfjarða sem mikilvægt er að hlúa að og efla enn frekar.







SIT nemendur kynnst fornum síð sumarið 2014.

## Vettvangsskólar

Fljótlega eftir stofnun Háskólaseturs fór að bera á áhuga erlendra háskóla sem vildu koma með vettvangsskóla til Vestfjarða. Fyrstu hóparnir komu árið 2007 og hefur Háskólasetrið síðan tekið á móti a.m.k. einum vettvangsskóla ár hvert. Að jafnaði hafa þeir verið tveir til þrjár vikur og eru nokkrir orðnir fastagestir. Bróðurparturinn af hópunum hefur komið á vegum háskóla í Norður-Ameríku en einnig hafa komið skólar frá Evrópu. Sumir eru í örfáa daga á Vestfjörðum á meðan aðrir dvelja allt upp í þrjár vikur. Auk þess að sitja fyrirlestur og fara í vettvangsferðir tengdar viðkomandi námi vilja hóparnir fá góða kynningu á samfélagi, menningu og sögu svæðisins og stundum kennslu í íslensku. Má nefna að dagskrá tengd Gísla sögu Súrssonar hefur fest sig í sessi þar sem boðið er upp á leiksýningu, fyrirlestur og gönguferðir tengdar sögunni. Nýrri af nálinni er kynning á ásatrú og fornum síð með blótsathöfn sem hefur einnig verið vinsæl síðustu misserin.

### Bandaríkjamenn reglulegir gestir

School for International Training (SIT) í Vermont-fylki í Bandaríkjunum hefur frá 2007 árlega sent hingað hópa. Þessir nemendur sækja námsáfangu í umhverfisstjórnun og endurnýjanlegri orku. Þar sem SIT leggur mikið upp úr að nemendur kynnist menningu og tungu landsins er gisting hjá fjölskyldum hluti af dvölinni og hefur Háskólasetur síðustu þrjú árin haft veg og vanda að því að finna gestgjafa.

Nemendur hafa fengið að búa hjá fjölskyldum í tvær vikur, ýmist á Ísafirði, í Hnífsdal eða í Bolungarvík. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og dæmi eru um að fjölskyldur hafi tekið að sér nemendur á hverju sumri og þannig fylgt verkefninu frá byrjun. Góð tengsl hafa oft myndast og er þessi liður nokkuð sem stendur upp úr eftir Íslandsdvölinu að mati margra SIT nemenda.

Annað hvert ár koma hópar frá University of Washington í Seattle í Bandaríkjunum og leggja þeir stund á námi í hugmyndasögu. Dvölin er liður í þverfaglegu námskeiði þar sem lögð er áhersla á sambandið milli manns og náttúru og er Ísland notað sem dæmi í námskeiðinu.

### Íslenskudeild Manitoba háskólans

Meðal fyrstu vettvangsskólanna sem Háskólasetrið tók á móti var einnig „The Icelandic Field School“ frá íslenskudeild Manitoba háskóla í Kanada, sem hefur verið starfrækt í rúmlega 60 ár og er sú eina sinnar tegundar vestanhafs. Dr. Birna Bjarnadóttur forstöðumaður deildarinnar hefur stýrt vettvangsskólanum frá upphafi en þar er íslensk menning með áherslu á tengslin við náttúru og umhverfi í brennidepli. Sumarið 2010 stóð skólinn fyrir veglegri þriggja daga dagskrá á Ísafirði í samvinnu við Háskólasetrið og var bókmenntum, tónlist og útvist fléttað saman í málþingi, fjallgöngu, siglingu og tónleikum.





Nemendur Manitoba háskóla í fjallgöngu sumarið 2010.

### Fleiri bætast í hópinn

Árið 2014 mættu tveir vettvangsskólar til leiks auk SIT-hópsins. Nemendur úr Norrænudeild CAU-háskóla í Kiel þræddu Vestfirði og var þetta önnur heimsókn deildarinnar. Um haustið tók Háskólastríð á móti fyrsta hópnum á vegum Franklin háskóla sem er bandarískur skóli staðsettur í Sviss. Um var að ræða stutt námskeið í umhverfisfræði þar sem íslenskar aðstæður voru sérstaklega til skoðunar. Heimsóknin fór fram í október sem er óvenjulegur tími þar sem sumarið er að jafnaði tími vettvangsskólanna. Ánægja var með þessa heimsókn og er annar hópur bókaður haustið 2015. Nú þegar hefur einn vettvangsskóli lagt leið sína á Vestfirði. Þar var á ferðinni vettvangsskóli á vegum Nordplus verkefnis Sustainable Waters and Coastal Bodies sem Háskólastríð tekur þátt í en auk þess er von á þremur skólum til viðbótar þegar líður á sumarið.

### Þjónusta Háskólaseturs af ýmsum toga

Aðkoma Háskólaseturs að vettvangsskólunum felst að jafnaði í því að skipuleggja dvöl gestanna í samræmi við óskir viðkomandi háskóla og gera tillögur að dagskrá, gistingu og kennslu. Háskólastríð sér einnig um bókhald þegar það á við. Samstarfið getur verið frekar lauslegt ef þess er óskað en í öðrum tilfellum er Háskólastríð aðalsamstarfsaðilinn og einkonar umboðsaðili fyrir viðkomandi skóla hér á landi.

Það er ljóst að vettvangsskólarnir hafa í för með sér margskonar samlegðaráhrif á svæðinu og í sumum tilfellum hafa þau skapað störf. Sem dæmi má nefna að tveir fyrrverandi nemendur í haf- og strandsvæðastjórnun voru ráðnir sem aðstoðarmenn fagstjóra SIT sumarið 2013. Árið eftir tók annar þeirra við sem fagstjóri námsins.



Tveir nemendur SIT ásamt gestafjölskyldu sinni á Ísafirði Ólafi Halldórssyni, Katrínu Líney Jónsdóttur og Helga Ingimar syni þeirra.

### HEIMSÓKNIR VETTvangssKÓLA FRÁ UPPHAFI

- CAU Kiel, Þýskalandi: 2007, 2014
- Franklin Háskóli, Sviss: 2014, 2015
- Kölnarháskóli, Þýskalandi: 2007
- Manitobaháskóli, Kanada: 2007-2012, 2015
- SIT, Bandaríkjunum: 2007-2015
- Sterling College, Bandaríkjunum: 2007
- Sustainable Waters and Coastal Bodies: 2015
- University of Washington, Bandaríkjunum: 2009, 2012 og 2014





Einn af fjórum nemendahópum á íslenskunámskeiði á Núpi sumarið 2009 ásamt Sigurborgu Þorkelsdóttur kennara.

## Íslenskunámskeiðin

Í ágúst 2007 bauð Háskólasetrið í fyrsta skipti upp á íslenskunámskeið fyrir erlenda nemendur á Ísafirði. Þetta litla námskeið hefur síðan þá undið upp á sig svo um munar. Strax sumarið 2008 hélt Háskólasetrið þriggja vikna námskeið í íslensku í samvinnu við Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins fyrir alla Erasmus og Nordplus skiptinema sem sóttu háskólanám á Íslandi. Námskeiðið fyrir skiptinemana var haldið samhliða námskeiði á Ísafirði en nemendur þess bjuggu á Núpi í Dýrafirði og hefur það fyrirkomulag haldist síðan. Námsframboð íslenskunámskeiðanna hefur aukist jafnt og þétt í gegnum árin og nú er svo komið að auk þriggja vikna námskeiðanna er boðið upp á ýmis framhaldsnámskeið og styttri byrjendanámskeið.

### Kennsluaðferðir og viðmið

Allt frá því að Háskólasetrið hóf íslenskukennslu fyrir erlenda nemendur hefur verið kappkostað að gæði námsins séu mikil. Til að svo mætti vera var strax notast við svokölluð CEFR viðmið (Common European Framework of Reference for Languages: Learning, Teaching, Assessment) við þróun kennsluefnis og mat á námsárangri. Á allra síðustu árum hefur Háskólasetrið einnig hafið vinnu við að betrubæta próf námskeiðanna með það að markmiði að mæla sérstaka færniþætti námsins betur. Prófin eru þannig uppbyggð að nemendur geta sjálfir valið á hvaða stigi einstakir færniþættir eru prófaðir sem er nýjung á Íslandi.

Kennsluaðferðir námskeiðanna eru í sífellndri þróun en þó

hefur ávallt verið lögð rík áhersla á að nemendur öðlist fyrst og fremst færni í að nota tungumálið í stað þess að leggja áherslu á málfræðilega nákvæmni. Kennsluefni og kennsluaðferðir námskeiðanna miða að þessu og er kappkostað að nýta sem best lausnamiðaðar kennsluaðferðir við raunaðstæður. Þá er einnig lögð áhersla á að bjóða nemendum áhugaverð valnámskeið þar sem farið er út fyrir kennslustofuna til að þjálfa ákveðna færniþætti, t.d. með kórsöng, dansi og búðaralli.

### Samstarf við Alþjóðaskrifstofu

Sérhæft námskeið í íslensku fyrir skiptinema hefur verið kjölfesta íslenskunámskeiða Háskólaseturs. Á námskeiðinu hafa árlega allt að áttatíu og fimm nemendur fengið tilsögn í íslensku, auk þess að kynnast íslenskri menningu og lífinu á Vestfjörðum. Námskeiðið hefur gefist afar vel en á því fá skiptinemarnir tækifæri til að upplifa aðra hlið á Íslandi, áður en þeir hefja nám í september í háskólum á Akureyri, í Reykjavík og nágrenni. Frá upphafi hefur námskeiðið farið fram á Núpi í Dýrafirði í gamla héraðsskólanum þar sem nemendur búa og hljóta kennslu en auk þess sækja þeir tíma á Ísafirði á meðan á námskeiðinu stendur.

Námskeiðið var styrkt af Erasmus áætlun Evrópusambandsins og af Nordplus-áætluninni allt til ársins 2013 þegar ný Erasmusáætlun tók gildi. Í nýrri áætlun var ekki gert ráð fyrir beinum styrkjum til tungumálanámskeiða á borð við þetta og því þurfa nemendur nú að greiða fyrir námskeiðið af





Ingi Björn Guðnason, verkefnastjóri íslenskunámskeiðanna, tekur við gæðaviðurkenningu Menntaáætlunar ESB 2012 úr hendi Jan Trusczyński, frá framkvæmdarstjórn ESB. Auk viðurkenningarskjalsins fylgdi viðurkenningunni verðlaunagripurinn Fjöreggið eftir listakonuna Koggu. Ljósmynd: Arnaldur Halldórsson.

fullu. Þetta hefur haft í för með sér nokkra fækkun nemenda sem verður að teljast eðlilegt. Á móti kemur að nemendum á öðrum námskeiðum hefur fjölgað nokkuð í gegnum árin.

### Aukið námsframboð

Fljótlega eftir að íslenskunámskeiðin hófu göngu sína kom í ljós mikill vilji nemenda til að koma aftur að ári og læra meira. Þannig skapaðist grunnvöllur fyrir framhaldsnámskeiðum og námskeiðum með áherslu á ákveðna færniþætti.

Sumarið 2010 var í fyrsta sinn boðið upp á vikulangt byrjendanámskeið í ágúst. Þetta námskeið var ekki síst hugsað fyrir væntanlega meistaranema Háskólasetursins í haf- og strandsvæðastjórnun en það var einnig opið öðrum þátttakendum. Þetta vikulanga námskeið hefur gefist vel og hefur verið í boði í ágústmánuði allar götur síðan en auk þess var sú nýbreytni tekin upp vorið 2013 að bjóða einnig upp á þetta námskeið að vori. Sumarið 2011 var svo í fyrsta sinn boðið upp á framhaldsnámskeið á stigi A2-B1. Þetta námskeið hefur síðar fengið heitið millistignámskeið enda er nú, sumarið 2015, einnig í boði námskeið á stigi B2 sem kallast framhaldsnámskeið. Á námskeiðunum á stigi B2 er lögð sérstök áhersla á ákveðna færniþætti svo sem framburð, lesskilning og lesfærni.

### Sendiherrar Vestfjarða

Dvöl nemenda á sumarnámskeiðum Háskólaseturs í íslensku skilur eftir góðar minningar í hugum nemenda. Þetta hafa kennslukannarir í gegnum árin sýnt sem og að nemendur koma aftur á námskeið ár eftir ár. Þeir fjölmörgu nemendur, sem ár hvert læra íslensku við Háskólasetur Vestfjarða, verða því nokkurskonar sendiherrar Vestfjarða í sínum heimalöndum og sínum heimaháskólum.

### VALNÁMSKEIÐ

Lögð er áhersla á að bjóða nemendum upp á fjölbreytt valnámskeið á íslenskunámskeiðum. Hér að neðan eru þau námskeið sem boðið hefur verið upp á í gegnum tíðina:

- Að blóta rétt á íslensku
- Á djamminu
- Álfar í kringum oss
- Barnasögur
- Bragfræði
- Búðarall
- Bökum!
- Dansaðu og lærðu íslensku
- Draugar og draugasögur
- Dægurlagatextar
- Eiríkur Örn Norðdahl: Naglasúpa
- Eldhús og sultugerð
- Fyrsta hjálp
- Frá A-Ö
- Frá munnmælum til Nóbelsverðlauna
- Ljóðspegill
- Þjóðsögur – þjóðtrú
- Hjá læknum
- Hraðlestur
- Ímynd og veruleiki
- Íslensk kvæðahefð
- Íslensk málstefna
- Íslenskar nútímabókmenntir
- Íslenskt samfélag á miðöldum
- Hápunktar íslenskrar náttúru
- Keppnin um fjársjóðinn mikla
- Kór
- Leikir og spil - talæfingar
- Leikræn tjáning
- Ratleikur í bærjarkókasafni
- Sjónvarpsfréttir fyrir byrjendur
- Smáauglýsingar
- Slangur og slettur
- Spilum!
- Talaðu!
- Taktu virkan þátt í messunni
- Upplestrarnámskeið
- Út í Skrúð
- Vera á eða fara til?
- Vestfirðir í dag
- Vopn vikinga
- Vigur
- Landnámssaga Vestfjarða
- Megas og fatlafól
- Málfræðisurningar
- Minningargreinar
- Myndorðabók
- Náttúran og umhverfið
- Nútímaljóð og ljóðalestur
- Orðsifjar
- Þjóðminjasafn Íslands



# Ráðstefnur og málþing

Allt frá stofnun hefur Háskóla Vestfirðna staðið fyrir fjölbættum ráðstefnum og málþingum þar sem komið hefur saman fræðafólk úr ýmsum geirum, ýmist úr háskólum, rannsóknastofnunum eða atvinnulífi. Fyrirlesarar og ráðstefnugestir hafa komið víða að, jafnt innanlands sem utan.

Fyrsta ráðstefnan sem Háskóla Vestfirðna stóð fyrir var haldin strax á stofnárinu 2005. Síðan þá hafa á annan tug ráðstefna og málþinga farið fram á Vestfirðum fyrir tilstuðlan Háskóla Vestfirðna.

## 2015 - Ísafjörður

### Ráðstefnan um íslenska þjóðfélagsfræði

Í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Bifröst og Hólaskóla

## 2014 - Patreksfjörður

### Byggðaráðstefna - Sókn sjávarbyggða

Í samstarfi við Byggðastofnun, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vesturbyggð

## 2014 - Ísafjörður

### Vottun vöru, vottun samfélags

Í samstarfi við fræðimenn frá Íslandi og Memorial-háskóla á Nýfundnalandi

## 2014 - Ísafjörður

### 34. NAFA kvikmyndahátíðin

Í samstarfi við Nordic Anthropological Film Association

## 2012 - Ísafjörður

### Framtíð sjávarbyggða á Vestfirðum

Ráðstefna haldin í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Vestfirðna og fleiri

## 2012 - Ísafjörður

### Jaðarbyggðir og þjóðhagkerfið

Alþjóðleg ráðstefna í samstarfi við Pemabo-rannsóknanetið

## 2011 - Ísafjörður

### Hagræn áhrif menntunar á jaðarsvæði

Málþing í samstarfi við íslenska og skoska fræðimenn

## 2011 - Ísafjörður

### Ráðstefnan um íslenska þjóðfélagsfræði

Í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Bifröst og Hólaskóla

## 2011 - Ísafjörður

### Þorskeldisþing

Í samstarfi við Hafrannsóknastofnun

## 2010 - Ísafjörður

### World Light – World song

Málþing um íslenska listamenn í samstarfi við Háskólann í Manitoba

## 2010 - Ísafjörður

### Eyða, urða, flokka, draga úr?

Málþing um sorpmál minni sveitarfélaga

## 2009 - Ísafjörður

### Málþing um skipulag og stjórnun strandsvæða

Í samstarfi við Fjórðungssamband Vestfirðinga og Teiknistofuna Eik

## 2008 - Ísafjörður

### Málþing um sjálfbæra nýtingu strandsvæða

Í tilefni setningar meistaranáms í haf- og strandsvæðastjórnun

## 2007 - Hrafnseyri

### Þjóð og hnattvæðing

Alþjóðlegt málþing haldið 17. júní

## 2007 - Ísafjörður

### Móttaka og þátttaka innflytjenda í dreifbýli

Alþjóðleg ráðstefna í samstarfi við Fjölmeningarsetur

## 2007 - Ísafjörður

### Villfiskforum

Norskt-íslenskt málþing í samstarfi við Villfiskforum í Þrándheimi

## 2006 - Ísafjörður

### Atferlisstjórnun fiska - þorskeldi í Ísafjardardjúpi

Alþjóðleg ráðstefna í samstarfi við Hafrannsóknastofnun

## 2006 - Ísafjörður

### Draumur hins djarfa manns

Málþing í samstarfi við sjávarútvegsráðuneytið

## 2006 - Ísfjörður

### Smábátaútgerð í Noregi og á Íslandi

Málþing með gestum frá SINTEF í Noregi

## 2005 - Ísfjörður

### Íslenska sem einfalt mál

Málþing í samstarfi við Fjölmeningarsetur í tilefni af evrópska tungumáladeginum

# Vestrahúsið og rannsókn- umhverfið á Vestfjörðum

Það er engin tilviljun að Háskólasetrnu var valinn staður í Vestrahúsinu á Ísafirði því stofnanirnar sem þar eru til húsa skapa nærumhverfi Háskólasetursins. Auk þeirra eru Náttúrustofa Vestfjarða og Stofnun Fræðasetra Háskóla Íslands í Bolungavík einnig mikilvægur hluti af nærumhverfinu þótt þær séu ekki staðsettar í Vestrahúsinu. Þess utan er Háskólasetrið reiðubúið til að vinna með öllum þeim sem sinna rannsóknum á Vestfjörðum.

Náið samstarf hefur einnig þróast milli Háskólaseturs og Háskóla Íslands í tengslum við stöðu prófessors í nafni Jóns Sigurðssonar sem sett var á laggirnar árið 2012. Gott samstarf er einnig við Fræðslumiðstöð Vestfjarða í Vestrahúsinu, einkum er varðar sameiginlega nýtingu kennsluhúsnæðis.

Háskólasetrið heldur utan um rekstur efri hæðar Vestrahússins og veitir með því stofnunum hússins mikilvæga þjónustu. Háskólasetrið er stærsti leigjandinn í húsinu með tæpan helming flatarmáls hæðarinnar og því hefur þótt hagkvæmt að það sjái um reksturinn.

## Háskólasetrið virkt í faglegri umræðu

Háskólasetur Vestfjarða hefur frá stofnun verið virkur aðili í faglegri umræðu um þróun rannsókna og háskólastarfs í fjórðungnum og hefur tekið þátt í mótun Sóknaráætlunar fyrir Vestfirði sem og ýmsum öðrum áætlunum tengdum svæðinu.

Í gegnum meistaranámið í haf- og strandsvæðastjórnun vinnur Háskólasetrið m.a. með Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun og hafa kennarar meistaranámsins ítrekað komið að málþingum þessara stofnana í Reykjavík. Vegna sérhæfingar sinnar í strandsvæðastjórnun bauðst Háskólasetrinu að taka þátt í vinnu við gerð landskipulagsstefnu 2015-2026 sem nú liggur fyrir Alþingi.

## Stuðningur í verki

Háskólasetrið aðstoðar fræðimenn sem þess óska með því að veita þeim aðstöðu og tengja þá við viðeigandi aðila á Vestfjörðum. Árlega nýta hátt í tíu fræðimenn þessa þjónustu auk fjölmargra sem komast í samband við viðeigandi stofnanir á Vestfjörðum eftir að hafa fyrst snúið sér til Háskólasetursins. Finna má ítarlegt yfirlit yfir rannsóknastofnanir á vefsíðu Háskólaseturs sem einnig hefur haft forgöngu um ýmsa upplýsingaveitu á þessu sviði innan Vestrahússins og rannsóknahverfis Vestfjarða.

Þar sem Háskólasetrið var ekki stofnað sem rannsóknastofnun, og hefur því ekki fengið fjármagn til rannsókna, er rannsóknvirgni þess að mestu leyti takmörkuð við loka-ritgerðir meistaranema í haf- og strandsvæðastjórnun en fjöldi ritgerða er nú kominn nálægt áttatíu.

Hlutverk Háskólaseturs í samstarfi við ýmsar rannsóknastofnanir er einkum samræming, utanumhald og stuðningur ásamt því að skapa góða umgjörð þar sem mögulegt er að einbeita sér að rannsóknum. Með tilkomu meistaranáms í haf- og strandsvæðastjórnun hefur Háskólasetrið í auknum mæli staðið fyrir eigin málþingum og ráðstefnum enda



Ljósmynd: Ágúst Atlason.

hefur byggst upp fagleg þekking innan Háskólasetursins á sviði meistaranámsins og ýmsu tengt því.

## Nýtingaráætlun strandsvæða

Frá árinu 2009 hafa Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða í sameiningu þróað tilraunaverkefni sem nefnist Nýtingaráætlun strandsvæða Arnarfjarðar. Er áætlunin fyrsta dæmið um strandsvæðaskipulag á Íslandi. Strandsvæðaskipulag er sérlega mikilvægt fyrir Vestfirði þar sem tenging lands og sjávar er mikil. Ýmsar ritgerðir í haf- og strandsvæðastjórnun tengdust þessu tilraunaverkefni. Því lauk haustið 2012 en framhald varð á verkefninu að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga og er það nú komið af tilraunastigi. Nú tekur Háskólasetrið eingöngu þátt í verkefninu sem ráðgjafi.


## Sjávarvá og skipulag

Í janúar 2013 komu fulltrúar Háskólaseturs, Ísafjarðarbæjar og Teikni-stofunnar Eik saman til að ræða ábyrgð skipulags þegar kemur að sjávarvá. Kveikjan að þessu voru loka-ritgerðir meistaranema í haf- og strandsvæðastjórnun sem fjölluðu um hækkandi sjávarborð og afleiðingar þess á Vestfjörðum. Á sama tíma lét Ísafjarðarbær vinna aðalskipulag fyrir eyrina við Skutulsfjörð. Úr þessu varð tilraunaverkefnið Sjávarvá og skipulag með aðkomu starfsmanns Veðurstofu Íslands í flóðarannsóknum og Teiknistofunnar Eik. Háskólasetrið tekur þátt í verkefninu sem ráðgjafi, aðallega með aðkomu stundakennara sinna. Verkefnið er enn ófjármagnað en markmiðið er að vinna áhættumat fyrir sjávarflóð á svipaðan hátt og gert er fyrir snjóflóð.

## VÍSINDAPORTIÐ

Fyrirlestraröðin Vísindaportið hefur verið fastur liður í starfsemi Háskólaseturs frá upphafi. Fyrirlestrarir eru fluttir í hádeginu á föstudögum í kaffistofu Háskólasetursins og hafa þeir mælst vel fyrir enda aðsókn jafnan góð. Með tilkomu meistaranáms í haf og strandsvæðastjórnun bættust einnig við reglulegar kynningar lokaverkefna nemenda og opnir fyrirlestrar kennara í meistaranáminu.





# Meistaránám í haf- og strandsvæðastjórnun

Meistaránámið í haf- og strandsvæðastjórnun var formlega sett á fót þann 31. ágúst árið 2008, að viðstöddum þáverandi menntamálaráðherra, og hófst kennsla strax í september sama ár. Stofnsetning meistaránámsins markaði tímamót, því með tilkomu þess var í fyrsta sinn boðið upp á staðbundið háskólanám, alfarið kennt á Vestfjörðum. Námið er gæðavottað af Háskólanum á Akureyri og nemendur útskrifast formlega með meistaragráðu frá þeim skóla. Námið hefur þó ávallt verið skipulagt og rekið á Ísafirði.

## Uppbygging námsbrautarinnar

Haf- og strandsvæðastjórnun er þverfræðilegt meistaránám á sviði auðlinda- og umhverfisstjórnunar með sérstaka áherslu á málefni haf- og strandsvæða. Kennslan fer fram í tveggja til fjögurra vikna lotum og fer námið fram á ensku. Um það bil helmingur námskeiðanna eru skyldunámskeið. Nemendur, kennarar og starfsmenn koma frá ólíkum löndum og hafa ólíkan bakgrunn. Í náminu er lögð áhersla á framsækni hvað kennsluhætti og námsmat varðar. Þetta á við bæði í aðferðafræðinámskeiðum sem og hagnýtum stjórnunarnámskeiðum. Námskráin er þróuð áfram á hverju ári og er tekið mikið tillit til endurgjafa nemenda hvað það varðar. Markmiðið með þessu er að straumlínulaga námið sem best og nýta reynslu nemenda á milli ára, ekki síst til að koma í veg fyrir tvítekingu á milli námskeiða.

Lokaverkefni nemenda er 45 ECTS eininga meistararitgerð. Nemendur eru hvattir til að móta verkefnishugmyndina sjálfir og hafa samband við mögulega leiðbeinendur upp á eigin spýtur. Fagstjóri meistaránámsins greiðir fyrir þessu samstarfi og hefur yfirumsjón með öllu ferlinu á meðan á því stendur.

## NÁMIÐ Í TÖLUM

- Frá september 2008 hafa 126 nemendur innritast í námið
- Yfir 20 nemendur hafa tekið eitt eða fleiri námskeið sem skipti- eða gestanemar á Ísafirði
- Í júní 2015 munu 78 nemendur hafa útskrifast úr náminu með meistaragráðu
- 18-20 nemendur hefja nám haustið 2015 og verður það áttundi námsmannahópurinn til að hefja nám

## Menntun er ekki bara skólaganga

Markmið námsbrautar í haf- og strandsvæðastjórnun eru Markmið námsbrautar í haf- og strandsvæðastjórnun eru að veita nemendum, sem vinna munu við sjávar tengda umhverfisstjórnun, heildstæða þekkingu og þjálfun. Nemendur fá innsýn í besta fyrirkomulag umhverfis- og auðlindastjórnunar á heimsvísu. Þverfræðileg uppbygging námsins gerir nemendur læsa á ólíkar nálganir, rannsóknar- aðferðir og greiningar niðurstaðna. Stjórnunarpáttur námsins er mikilvægur og öðlast nemendur færni í fagsamskiptum sem og að þróa og halda utan um fjölbjóðleg verkefni. Það hefur sýnt sig að fyrirkomulag námsins og hin

mikla áhersla á samskipti og frumkvæði nemenda hefur skilað þeim starfsframa að námi loknu.

- Námskeið sérhönnuð fyrir námsbrautina
- Lotunámskeið gefa færi á að einbeita sér að einu viðfangsefni í einu
- Sumarönn eykur námshraða
- Nærumhverfi Háskólaseturs nýtt við kennslu
- Nemendur fá sérstakan stuðning við ritgerðarskrif
- Nærsamfélagið og fyrirtæki á staðnum taka virkan þátt
- Fastir gestakennarar með mikla kennslureynslu
- Áhersla á endurgjöf til nemenda og frá nemendum
- Áhersla lögð á nýjustu kennslutækni

## Litið um öxl

Óhætt er að segja að árin hafi liðið hratt síðan fyrstu nemendurnir hófu nám í haf- og strandsvæðastjórnun haustið 2008, nokkrum vikum fyrir íslenska bankahrunið. Verulega þrengdi að á fyrstu árum námsins og hafði niðurskurður árin 2009 til 2011 talsverð áhrif á framboð námskeiða. Hins vegar var strax í upphafi ársins 2010 ráðist í breytingar á skipulagi námsins sem fólust annars vegar í fækkun námskeiðseininga úr 90 í 75 ECTS og hins vegar í því að öll lokaverkefni urðu 45 ECTS einingar, í stað vals um 30 eða 60 ECTS einingar. Þetta minnkaði kennslukostnað og dró verulega úr áhrifum niðurskurðarins - sem raunar allt íslenska háskólasamfélagið stóð frammi fyrir á þessum tíma. Auk þess leysti breytingin praktísk vandamál sem lýstu sér í að aðeins ein helgi skildi á milli síðasta námskeiðs hvers skólaársins og fyrsta námskeiðs þess næsta. Nú lýkur síðasta námskeiði skólaársins ýmist í lok júní eða í byrjun júlí og er tæplega tveggja mánaða kennsluhlé á sumrin. Þetta gefur starfsfólki færi á að veita betri stuðning, bæði þeim sem eru eru að hefja vinnu við lokaverkefni og einnig að liðsinna næsta nemendahópi.

## Aðkoma Háskólans á Akureyri að gæðamálum

Frá upphafi hefur aðkoma Háskólans á Akureyri að meistaránámi í haf- og strandsvæðastjórnun einkum falist í tvennu:

- Að gæðavotta námið
- Að gefa út brautskráningarskírteini við námslok.

Allar stærri ákvarðanir sem hafa áhrif á gæði námsins fara því fyrir meistaránámsnefnd sem skipuð er tveimur fulltrúum að norðan en einum frá Háskólasetri Vestfjarða. Hér má einkum nefna inntöku nemenda, ráðningu kennara,





leiðbeinenda, prófdómara og samþykkt rannsóknartillagna. Fundir meistaranámsnefndar eru haldnir einu sinni í mánuði að jafnaði. Auk nefndarmannanna þriggja sitja fagstjóri, kennslustjóri og fulltrúi nemenda fundi meistaranámsnefndar og hafa tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Fagstjóri stýrir fundum meistaranámsnefndar og sér um undirbúning og eftirvinnslu ásamt kennslustjóra. Lögð er áhersla á virka þátttöku nemendafulltrúa, en hann eða hún vikur þó ávallt af fundi ef ræða þarf málefni einstakra nemenda, þar með talið umsóknir um nám.

### **Framþróun og utanumhald námsins ávallt hjá Háskólasetri Vestfjarða**

Þróun, skipulagning, samræming, eftirfylgd, daglegur rekstur og utanumhald meistaranámsins í haf- og strandsvæðastjórnun hvílir á herðum fagstjóra annars vegar og kennslustjóra hins vegar.

### **Námskeið**

Í upphafi stóðu öll námskeið yfir í þrjár vikur. Árið 2011 var ákveðið að brjóta upp þetta fyrirkomulag og bjóða upp á einnar, tveggja, þriggja og fjögurra vikna námskeið. Þetta hefur gefist vel enda eðli námskeiða misjafnt og sum henta vel sem vikunámskeið á meðan nauðsynlegt er að kafa dýpra ofan í viðfangsefnið annars staðar.

Frá fyrsta degi hefur verið stefnt að framsækni í kennslu-aðferðum. Fjölbreytt námsmat, raunverkefni, vettvangs-

kennsla, málstofur, hlutverkaleikur og samþætting náms og nærsamfélags hefur verið í forgrunni. Kennarar hafa verið hvattir til að brjóta upp hið hefðbunda form sem felst í mikilli áherslu á fyrirlestra og lokapróf. Ekki hefur verið hægt að bjóða upp á raunverkefni í þeim mæli sem æskilegt er og má að vissu leyti skýra það með staðsetningu námsins fjarri þeim stofnunum sem tengjast viðfangsefni þess einna helst. Raunverkefni á stór-Ísafjarðarsvæðinu hafa hins vegar verið mörg í gegnum árin.

### **Lokaverkefni**

